

**Minnispunktur um endurvinnslu
brennisteinssýru**

Karl Ragnars

Greinargerð KR-80/03

Minnispunktur um endurvinnslu brennisteinssýru

Undirritaðir áttu viðræður við Björn Sternberg-Larsen og R. Bollaert, sem eru fulltrúar fyrir þrjú fyrirtæki í Belgíu, Hollandi, Luxemburg og Írlandi. Starfssvið þessarra fyrirtækja eru kaup og sala, hreinsun, geymsla, flutningar og dreifing á olíuvörum og kemiskum vörum.

Hugmynd fyrirtækjanna er sú að flytja til Íslands 425.000 tonn á ári af úrgangi títanhvítuframleiðslu og eima úr honum vatn, sem er um 60%. Endurunnna sýran yrði síðan flutt aftur á markað í Evrópu. Eru sýruverksmiðjurnar reiðubúnar að undirrita samning um þetta magn strax en þeir telja að hægt sé að auka magnið upp í 1.200.000 tonn á ári á næstu sex árum. Þeir telja að orkuþörf 425.000 tonna verksmiðju sé 4 MW af rafmagni og 30 MW af varmaorku, sem fengist úr jarðvarma.

Lauslegar áætlanir þeirra segja, að stofnkostnaður slíkrar verksmiðju sé 15 milljónir DM (án orkumannvirkja) og árlegur reksturskostnaður 7 milljónir DM fyrir utan orkukostnað, sem jafngildir 16,5 DM/tonn, sem bendir til þess að orkukostnaðurinn megi vera allt að 13,5-23,5 DM/tonn.


Þessi orkukostnaður er á gufunni 5,5-10 mills/kWh og rafmagni 55-100 mills/kWh ef gefið er að nýting verksmiðjunnar sé 90% og að raforka sé tífalt verðmeiri en gufuorka.

Varðandi staðsetningu verksmiðjunnar hafa þeir kynnt sér aðstæður hér á landi mjög rækilega og telja þeir að Straumsvík sé ákjósanlegasti staðurinn og væri þá jarðhitasvæðið í Trölladyngju það sem notað yrði.

Á þessu stigi er ekki ljóst, hvar verksmiðjan yrði staðsett á línunni milli Straumsvíkur og jarðhitasvæðisins, enda veltur það á því, hvort hentugra er að flytja, jarðvarmann eða sýruna, en þeir segja að sýruna sé hægt að flytja í leiðslum án vandkvæða. Stafar þetta staðarval einkum af tvennu, nálægð jarðhitasvæðisins við sjó og hafnaraðstöðu í Straumsvík því reiknað er með að nota a.m.k. 20.000 tonna tankskip til sýruflutninganna.

Vegna nýrra reglna í Evrópu um losun úrgangsefna í sjó leggja þeir félagar mikla áherslu á að athugunum, sem e.t.v. þarf að gera, verði hraðað svo sem verða má. Þessar athuganir eiga ekki hvað síst við jarðhitasvæðið í Trölladyngju, eingaraðild að því, afkastagetu þess og vinnslukosnað jarðvarmans. Til þess að svara þessum spurningum, þarf að dómi undirritaðra að bora tvær djúpar borholur á jarðhitasvæðinu þar sem vinnslan yrði.

Rvk. 10/12 1980


Karl Ragnars


Jón Steinar Guðmundsson